



Foss í Hrútafirði

Fornleifaskráning



Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga

2008/76



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga og aðferðir	2
Aðferð við skráningu	3
Jarðanúmer.....	3
Tegund, hlutverk og heiti	3
Staðhættir og lýsing	3
Saga jarðanna og fornleifar	3
Helstu minjaflokkar	4
Minjar í túni	4
Minjar í eða við tún.....	4
Minjar utan túns	5
Við sjó/vötn.....	6
Foss-ágrip af sögu	7
Fornleifaskrá	9
Samantekt	35
Heimildaskrá	38

Inngangur

Eigendur jarðarinnar Foss í Hrútafirði fóru þess á leit við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að hún tæki að sér fornleifaskráningu á jörðinni vegna deiliskipulags hennar, bæði vegna frístundabyggðar auk skógræktar sem skipulögð er á svæðinu. Undirbúningsvinna að fornleifaskráningu hófst í apríl 2008 og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi. Vettvangskonnnun fór fram dagana 6. og 23. -maí og 2. júní 2008 og var hún framkvæmd af Bryndísi Zoëga og Guðnýju Zoëga, fornleifafræðingi. Eftirfarandi skýrsla inniheldur skráningu þeirra fornleifa sem fundust í rituðum heimildum og við vettvangsvinnu og meðfylgjandi er yfirlitsmynd yfir minjar á jörðinni og helstu örnefni. Sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar Gunnar Sæmundsson, bóndi í Hrútatungu og Árni Jón Eypórsson, bónda á Bálkastöðum. Auk þess þökkum við Þór Hjaltalín og Sólborgu Unu Pálsdóttur hjá Fornleifavernd ríkisins fyrir veittar upplýsingar.

Tilgangur fornleifaskráninga og aðferðir

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelða eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Helstu heimildir eru kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunn og er öllum gögnum skilað inn á stafrænu formi til Fornleifaverndar ríkisins sem hefur yfirumsjón með öllum fornleifum á landinu. Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum. Fyrri númerið t.d. Foss-1 [bæjarhóll Neðra Foss] er hlaupandi númer fornleifa innan jarðarinnar og eru þau notuð til auðkennis minja á kortum og þegar verið er að vísa til einstakra fornleifa í texta í skýrslunni. Seinna númerið er nokkurskonar kennitala fornleifanna [í nefndu tilviki Fvnr.: 10001] þar sem hverri fornleif er gefið einstakt fasta númer innan númerakerfis Fornleifaverndar ríkisins og er sú tala notuð þegar að unnið er með skrána innan minjavörslunnar.

Staðsetning

Allar minjar eru hnitsettar í ISN93 hnitakerfinu með Trimble ProXRS staðsetningartæki sem gefur staðsetningu með undir metra nákvæmni. Notast var við svarthvíta hnitaða loftmynd frá Landmælingum Íslands og eru minjarnar merktar inn á hana.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá því hvað heimildir segja um staðhætti og lýsingu á minjum.

Saga jarðanna og fornleifar

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir landamörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar um er að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast afbýli eða skemmri tíma bústaðir vel. Þar má nefna sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda var greiður aðgangur að vatni oftast

grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur eða svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni, voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem hafa varðveist eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, jafnvel stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft skipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smáréttir með einum dilk og kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust býli upp af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Stöðull var þurr staður ekki langt frá bæ. Þær eru sjaldan

nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og gat verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum og voru allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði sem yfirleitt var hlaðinn úr grjóti og torfi. Einnig voru stundum garðar umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Tóttir næst bæjum voru sléttaðar og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjöhús/verbúðir: Sjöhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað var á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin var úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem afmarkar grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Foss-ágrip af sögu



Horft til vesturs yfir bæjarhóla Efra- og Neðra-Foss. Hægra megin við húsið á myndinni er gamli bæjarhóll Fossbæjarins (Neðri-Foss meðan tvíbýlt var) en vinstra megin er bæjarhóll Efra-Foss. Ljósmynd. GZ.

Foss er gamalt býli austan Síkár í botni Hrutafjarðar um 2 km innan núverandi þjóðvegjar. Á Fossi var lengi tvíbýli og býlin nefnd Efri- og Neðri-Foss, en henni hefur aldrei verið formlega skipt. Jörðin fór í eyði 1957 en var nytjuð eftir það af bændum á Bálkastöðum þangað til að hún var keypt af núverandi eigendum.¹

Foss er ekki getið í Íslendingasögum en býlisins er fyrst getið í arfskiptabréfi séra Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ frá 1544. Þar segir upptalningu eigna : [...] Enn Olafr hof fyrir lx.^c bollastadi fyrir xx.^c brandgil og geithol fyrir xl.^c foss [...].² Næst mun þess getið í manntali 1703 en þá bjuggu þar sjö manns, hjón og fimm barna þeirra. Ekki virðist hafa verið tvíbýli þar þá.

Bæirnir tveir hafa staðið stutt hvor frá öðrum fyrir miðju túnsins og hafa þar verið myndarlegir bæjarhólar. Við byggingaframkvæmdir árið 2007 var farið í gegn um hluta bæjarhóla Fossbæjanna og var þá gerð fornleifakönnun á staðnum. Við þá rannsókn kom í ljós að bæjarhóll Neðra-Foss (nyrðri hóllinn) ber merki eldri byggðar og virðist sem að þar sé að finna elsta bæjarstæðið.³

¹ Húnaþing II, 594.

² Dipl. Isl. XI, 358.

³ Þór Hjaltalín, minjavörður Norðurlands Vestra, skv. samtali 20. maí 2008.

Náttúrufar og jarðabætur

Fyrstu lýsingu jarðarinnar er að finna í Jarðabók Árna og Páls frá 1707 en þar er dýrleiki hennar að fornu mati talinn 16 hundruð. Í Jarðabók Johnsens frá 1847 er jörðin sömuleiðis 16 hundruð⁴ Í nýrri jarðabók frá 1874 hefur mat jarðarinnar hækkað og er hún þar metin á 18,7 hundruð.⁵

Í Jarðabókinni 1707 segir: „Vetrarríki er mikið fyrir snjófalli, og þó landgott á meðan gripir ná haga og merkilega landgott um sumar. Engjatak er votlent mjög og örðugt að nokkru leyti, þó af nægð í meðalári, og er yfir foruð heim að flytja, og þó ei allángt“.⁶ Önnur hlunnindi voru „bjargleg“ torfrista, mósкурður til eldiviðar takmarkaður. Hrísrif talið lítið en „þó brúkar ábúandi sér til kolagjörðar“.⁷

Í sóknarlýsingu frá 1848 sem sr. Þórarinn Kristjánsson tók saman segir svo um Foss: „Foss b.e. 16hndr., meðalbæjarleið fyrir framan Bálkastaði, austan við Síká. Túnið er 10 dagsláttur og fóðrar 3 kýr, prýðilega ræktað og umgirt að nokkru leyti. Þó er mikið af því ennþá ósléttað. Engjar nægilegar, en örðugar. Fjallland mikið. Grasatekja nokkur. Beit á vetrum lítil. Jörð þessi var í litlu álit, áður en núverandi ábúandi tók hana til byggingar, en hann hefur bætt hana meir en að helmingi og byggt upp öll jarðarhús“.⁸

Í samantekt Gunnars Sæmundssonar bónda í Hrútatungu er landgæðum Foss lýst svo: Fossland er stórt og er beitoland mikið og sértaklega er gott vorland fyrir sauðfé fram með Síká sem kallast Fossdalur austan árinna. Landstærð er 1903 ha. Foss er landstærsta jörð í Staðarhreppi eins og hann var fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Miðað við nútíma þarfir og kröfur þá er mjög erfitt um ræktunarland á Fossi og því jörðin ekki hentug til nútíma hefðbundins búskapar“.⁹

Nokkrar jarðarbætur fóru fram á Fosstúni um miðja 19. öld en þá var m.a. byggður hinn virkjamikli túngarður sem nú sést umhverfis stærsta hluta túnsins. Áður hefur túnið þó verið mun minna og benda leifar eldri túngarðs til þess. Túnið hefur einnig verið unnið að hluta með stórvirkum vinnuvélum og hefur hluti þeirra útihúsa sem getið er í örnefnaskrá verið sléttuð út. Einnig hafa verið grafnir skurðir á og sunnan svokallaðs Bala neðst og vestast í túni.

⁴ Jarðabók Johnsens, 222

⁵ Ný jarðabók,

⁶ Jarðabók Árna og Páls VIII bindi, 7.

⁷ Sama heimild, 7.

⁸ Sýslu og sóknarlýsingar I, Húnavatnssýsla, 17.

⁹ Gunnar Sæmundsson, *Hver einn bær á sína sögu. Foss í Hrútafirði*. Óprentað handrit.

Fornleifaskrá

Foss - 1

Fvnr.: 10001

ISN93: N 513577,987 A 404256,2

Sérheiti: Neðri-Foss

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Ástand: Sæmilegt, bæjarhóllinn hefur skemmst að hluta við framkvæmdir við nýbyggingu húss

Hættumat: Lítil hættu verði ekki meiri jarðvinnsla eða ræktun á hólnum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Neðan bæinn: Úttúnið, fyrir neðan heimreið Grafningur, utan og neðan bæ langarófa, Bæjarhóll og syðst og neðst í túni Bali“ (ÖJM, 1).

Lýsing

Tvíbýlt var á Fossi og eru tveir bæjarhólar í miðju gamla heimatúninu. Þeir liggja nú rétt um 10m neðan (vestan) vegarins inn dalinn sem liggur um tún á Fossi.

Nyrðri hóllinn er um 25m á lengd og 19m á breidd og ekki sjást í honum veggjaleifar. Hóllinn hefur verið grafinn í sundur að hluta við byggingu núverandi húss á staðnum og er hann í raun tvískiptur nú, meginhluti bæjarhólsins vestantil en smærri hóll (líklega ruslahaugur) er austan til.

Aðrar upplýsingar

Skv. samtali við Þór Hjaltalín, minjavörð Norðurlands vestra, sem gerði fornleifakönnun á staðnum munu vera nokkuð eldri minjar í hólnum sem að bærinn Neðri Foss stóð á.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður: Gunnar Sævarsson, bóndi í Hrutatungu

Foss-2

Fvnr.: 10002

ISN93: N 513557,645

A 404301,456

Sérheiti: Efri-Foss

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Ástand: Sæmilegt, hóllinn hefur skemmst að hluta við framkvæmdir við nýbyggingu húss

Hættumat: Lítil hættu verði ekki meiri jarðvinnsla eða ræktun á hólnum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Neðan bæinn: Úttúnið, fyrir neðan heimreið Grafningur, utan og neðan bæ langarófa, Bæjarhóll og syðst og neðst í túni Bali“ (ÖJM, 1).

Lýsing

Tvíbýlt var á Fossi og eru tveir bæjarhólar í miðju gamla heimatúninu. Þeir liggja nú rétt um 10m neðan (vestan) vegarins inn dalinn sem liggur um tún á Fossi.




Myndin sýnir grjóthleðsluleifar í bæjarhóli/bæjarstæði Efra-Foss, bæjarhóll Neðra-Foss í baksýn. Ljósm. GZ.

Foss í Hrútafirði

Yfirlitsteikning af minjum í heimatúni

Teikn: GZ



Syðri hóllinn, bæjarhóll Efra-Foss liggur rétt í um 15m suður frá austari hluta bæjarhóls Efra-Foss. Hóllinn er um 30m langur og um 20m breiður og eru leifar grjóthleðslu undir norðvestur horni hans. Skv. heimildamanni mun hleðsla þessi vera leifar seinasta bæjarins á staðnum. Greina má mjög hrunda grjóthleðslu sem myndar um 9m langa og um 6m breiða tóft. Greinilegast er um 9m langt veggjabrot sem liggur frá norðri til suðurs sem myndar suður langhlið tóftarinnar en grjót er annars mjög hrúnið í hleðslunum og aðrir veggir ógreinilegri. Önnur veggjabrot eru ekki greinanleg á hólnum.

Aðrar upplýsingar

Skv. fornleifakönnun sem að Fornleifavernd ríkisins gerði á staðnum mun bæjarhóll Efra-Foss vera yngri en bæjarhóll Neðra-Foss. Búið var á Efra-Fossi fram til 1954 (Húnaþing II, 594).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Þorsteinn Jónasson 1978: Staðarhreppur. Í *Húnaþing II*. Sigurður J. Líndal, Stefán Á. Jónsson, ritstj. Akureyri.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson, bóndi í Hrutatungu

Foss-3



Mynd 4. Horft til vesturs niður túnið ofan heimreiðarinnar. Fyrir miðri mynd er túngarður sem umlykur Fosstúnið á þrjá vegu. Ljósm. GZ.

Fvnrnr.: 10003

ISN93: N513682,092 A404266,065, N513615,808 A404438,651, N513440,092
A404277,323

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Ástand: sæmilegt en nokkuð uppblásinn á köflum

Hættumat: Hætta vegna uppblásturs

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðast og efst á túni er Hjallholt, [...]. Út við túngarð gegnt niður af Hjallholti er Sauðhúsabali (nú Hesthúshóll)“ (ÖJM, 1).

Lýsing

Túngarður er greinanlegur umhverfis heimatún Fossbæjanna, nokkuð virkjamikill en sumstaðar fallinn og á köflum alveg horfinn. Garðurinn er greinanlegur á 84m kafla upp (til austurs) frá veginum að bænum um 110m norðan við núverandi hús á staðnum. Þar hverfur hann á um 35m löngum kafla en sést síðan á um 60m löngum kafla upp túnið til austurs. Þar hverfur hann á parti en liggur svo í boga í um 90m til suðurs og niður að gamla sýsluveginum þar sem hann liggur til suðurs upp úr Fosstúni. Vestan við veginn liggur garðurinn svo á 270m kafla til suðvesturs niður að Síkánni. Rétt neðan vegarins liggur grjóthlaðin rétt og verður garðurinn þar hluti af norðurvegg hennar.

Garðurinn hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti, grjót neðst í hleðslu. Hann er nokkuð hruninn og hefur blásið upp á köflum. Mesta hæð garðsins er um metri og þykkt um metri.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður segir túngarðinn hafa verið hlaðinn af Jóni Þorsteinssyni sem bjó á Fossi um miðja 19. öld.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Gunnar Sæmundsson: *Hver einn bær á sína sögu. Foss í Hrútafirði*, óprentað handrit.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson bóndi í Hrútatungu

Foss-4

Fvrnr.: 10004

ISN93: N 513664,864 A 404279,75

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Ástand: Ágætt á þeim hluta garðs sem enn er til staðar

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðast og efst á túni er Hjallholt, [...]. Út við túngarð gegnt niður af Hjallholti er Sauðhúsabali (nú Hesthúshóll)“ (ÖJM, 1).

Líklega er í örnefnalýsingu átt við túngarð þann sem hlaðinn var um miðja 19. öldina en leifar eldri túngarðs má finna vestan undir hóli um 70m norðan við austasta hluta bæjarhóls Neðra-Foss og um 100m norðan við núverandi hús, ofan og austan vegarins. Greinilegt er að túngarðurinn hefur umlukið mun minna tún en girt var umhverfis um miðja 19. öld.

Lýsing

Sjáanleg eru tvö brot þessa túngarðs annað liggur upp hólinn frá vestri til austurs, 25m langt þar sem það hefur beygt til suðurs en þar er um 12m langur rofkafli. Annað garðbrot einnig 25m langt liggur svo frá norðvestri til suðausturs 12m sunnan fyrra brotsins. Þessi túngarðsbrot virðast eldri en garðurinn sem áður er nefndur [Foss-3] þar sem þau eru mun jarðsokknari og hlaupin í þúfur.

Þykkt garðlaganna er um tveir metrar þar sem hann er breiðastur en hæð mest um 40cm.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson bóndi í Hrútatungu

Foss-5**Fvnr.: 10005****ISN93:** N 513608,116 A 404396,278**Sérheiti:** Fjárhúshóll**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Þúst**Ástand:** Horfið að mestu**Hættumat:** Lítil hættu**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Norðast og efst á túni er Hjallholt, þar sunnar og neðar Tungur, þá Fjárhúshóll“ (ÖJM, 1).

Beint ofan bæjarstæðis Efra-Foss um 100m upp og austur er hóll sem heimildamaður telur að geti verið Fjárhúshóll sá sem getið er í örnefnaskrá.



Óljós tóftamerki á svokölluðum Fjárhúshóli efst og austast í túni. Ljós. GZ

Lýsing

Efst á hólnum er óglögg tóftarleif um 12x5m að stærð. Virðist hafa verið tvískipt en veggjalög eru mjög óljós. Tóftin hefur legið norðvestur-suðaustur. Einhverjar mishæðir má svo greina ofar á hólnum en ekki er hægt að greina nein frekari veggjalög eða tóftarmynd á þeim.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður segir þarna hafa verið fjárhús frá Efra-Fossi.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinsson. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson bóndi í Hrútatungu

Foss-6**Fvnr.: 10006****ISN93:** N513568,35 A 404300,214**Hlutverk:** Hlaða**Tegund:** Gryfja**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hættu**Staðhættir og lýsing**

Steypt súrheysgryfja er austast í bæjarhóli Efra-Foss. Gryfjan er 2m að ummáli og dýpt um 1,5m.

Foss-7**Fvnr.: 10007****ISN93:** N 513612,784 A404456,894**Hlutverk:** Garðlag undan girðingu**Tegund:** Hleðsla**Ástand:** Sæmilegt**Hættumat:** Lítil hættu**Staðhættir og lýsing**

Um 400m upp og ofan bæjarhólanna, rétt austur af austurhlið túngarðsins, liggur óverulegt garðlag á um 30m löngum kafla. Líklega undan vírgirðingu.

Foss-8

Fvnrnr.: 10008

ISN93: N 513648,721 A 404274,572

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Grafningur

Ástand: Gott á þeim hluta sem enn er til staðar

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Neðan bæinn: Úttúnið, fyrir neðan heimreið Grafningur, utan og neðan bæ langarófa, Bæjarhóll og syðst og neðst í túni Bali“ (ÖJM, 1).

Lýsing

Niðurgrafin heimtröð er greinanleg á um 70m kafla undir svokölluðum Hesthúshól. Tröðin liggur um norðanverðan túngarðinn og liggur í átt að bæjarhólunum í til suðurs í boga fyrir hólinn. Hún hverfur í lækjardragi norðan bæjarhólanna. Tröðin er allt að 80-100cm á hæð og um 2m á breidd.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinson. Örnefnastofnun Íslands.



Horft til suðurs eftir þeim hluta heimtraðarinnar sem enn sést. Ljósm. GZ.

Foss-9

Fvnrnr.: 10009

ISN93: N 513648,721 A 404274,572

Sérheiti: Vegholt

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá bæjunum og út að merkjum milli Foss og Bálkastaða eru þessi örnefni: út og upp frá túni Grjótholt, þar neðan Vegholt“ (ÖJM, 1).

Í samantekt sinni um Foss segir Gunnar Sæmundsson að: Vegur liggur fram að Fossi og áfram fram að Fossseli og síðan að afréttargirðingu. Á árum áður féll þessi vegur undir þann flokk vega sem kallaðir voru sýsluvegir. Síðar breyttist það og nú flokkast þessi vegur undir styrkvegi. Áður fyrr lá vegurinn fram í Fosssel upp fyrir utan merkin á milli Foss og Bálkastaða og síðan fyrir ofan Fosstúnið. Vegurinn heim að Fossi lá svo niður að bænum og má sjá fyrir þessari heimreið enn í dag (bls. 7).

Síðar var vegurinn færður niður í gegn um Fosstúnið og þar er hann enn í dag. Merki gamla sýsluvegarins sjást í hliðinni ofan Fosstúns og mætir núverandi vegi fram í Fosssel þar sem hann beygir til suðurs í brekkunni sem liggur upp úr Fosstúni.

Ekki var augljóst hvort að þessi vegtenging við gamla sýsluvegin hafi legið meðfram túngarðinum að norðan og um hliðið sem gömlu traðirnar liggja um. Engar aðrar götur eru nú greinanlegar til norðurs frá heimtröðinni.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Gunnar Sæmundsson: *Hver einn bær á sína sögu. Foss í Hrútafirði*, óprentað handrit.

Foss-10

Fvnrnr.: 10010

ISN93:N513536,249 A404390,245

Hlutverk: Rétt

Tegund: Grjóthleðsla

Ástand: Gott



Horft til norðvesturs yfir hlaðna rétt sem er áföst sunnan túngarðs, neðan vegar þar sem hann liggur upp úr Fosstúninu. Ljósm. GZ.

Staðhættir

Áföst við túngarðinn að suðaustan er grjóthlaðin rétt. Réttin liggur á suðurbakka lækjar sem rennur innst í Fosstúni, 120m austsuðaustan núverandi húss á staðnum og rétt neðan hliðs og vegarins inn að Fossseli.

Lýsing

Réttin er um 20m löng og 9m að breidd og er hún með einum stórum dilk. Hún liggur norðaustur suðvestur og er dilkurinn í henni að vestanverðu. Hann er 10x5m að innanmáli og hafa hlið verið bæði á suðvestur og norðaustur skammhliðum. Austan hans er smærri dilkur eða inngangur í réttina um 4x5m að innanmáli en opin til norðausturs. Etv. hefur réttinni verið lokað þar af með trégrind.

Veggirnir hafa verið hlaðnir úr grjóti og standa nokkuð vel en grjót er þó farið að hrynja úr hleðslum. Hleðslan stendur allt upp í metra há og um metri á breidd.

Foss-11**Fvnr.: 10011****ISN93:** N 513612,14 A 404362,939**Hlutverk:** Fjárhús/hlaða/fjós?**Tegund:** Tóft**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta

Gróin tóft við steinana þrjá fyrir miðri mynd. Horft í norðvestur. Ljósm. GZ.

Staðhættir

Neðan (vestan) undir svokölluðum Fjárhúshóli, um 100 ofan, norðaustan bæjanna, liggur tóft. Í örnefnaskrá segir svo: Norðast og efst í túni er Hjallholt, þar sunnar og neðar Tungur, þá Fjárhúshóll og þar niður af Fjóshóll (bls. 1).

Heimildamaður kannaðist ekki við þetta örnefni en neðan (vestan) Fjárhúshólsins er dálítil bunga eða hóll, ofan vegarins í gegn um túnið. Ekki er hægt að greina tóftarleifar á háhólnum sjálfum en ofan hans vestan undir brekku vestan Fjárhúshólsins liggur tvískipt tóft.

Lýsing

Tóftin er orðin nokkuð jarðsokkin og voru veggjalög í henni ógreinileg en þó virðist hún hafa verið tvískipt. Hún liggur austur-vestur og er alls um 16m löng og 7m breið að utanmáli. Smærra hólfið liggur austanvert í tóftinni, upp við brekkuna.

Veggjahæð er mest 40cm og þykkt 80-100cm. Tóftin er algróin grasi.

Aðrar upplýsingar

Tóftin líkist mjög fjárhúsi með áfastri hlöðu en þó kann að vera að um sé að ræða fjósið sem örnefnið bendir til.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson bóndi í Hrútatungu.

Foss-12

Fvnrnr.: 10012

ISN93: N513457,071 A404239,038

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftaþyrping

Ástand: Veggir standa vel en eru að hrynja í yngstu húsunum

Hættumat: Lítil hættu



Þyrping útihúsatófta liggur neðst og vestast í Fosstúni. Húsin munu hafa tilheyrt bænum Neðra-Fossi. Horft til norðausturs í átt að núverandi húsi. Ljósm. GZ.

Staðhættir

Suðvestast í túninu, norðan túngarðs og austan Síkár liggur nokkur tóftaþyrping. Heimildamaður segir þar hafa verið fjárhús og önnur útihús frá Neðra-Fossi.

Lýsing

Tóftaþyrpingin snýr nálega norður-suður og hafa dyr vitað til vesturs, að ánni, heildarlengd hennar er um 32m en breidd um 16m. Þrjár samliggjandi tóftir, líklega allt fjárhústóftir liggja samsíða austur-vestur, vestast í tóftaþyrpingunni. Á syðstu tóftinni virðist tréþil hafa vitað til vesturs en á hinum tveimur eru hlaðin dyraop. Í miðtóftinni er steipt fjárbað. Áföst sunnan þessara tófta er svo kofatóft rétt um 2x1m að innanmáli.

Aftan (austan) tóftanna liggur svo stærri, tvískipt tóft, etv. hlöðutóft. Veggir í henni eru mun hærri en í fjárhústóftunum en ekki er hægt að greina að innangengt hafi verið úr henni í fjárhúsin. Vísir að dyrum er til austurs úr tóftinni.

Norðan, áföst fjárhústóftunum er mjó tóft, rétt um metri á breidd, með engum greinanlegum dyrum og einna líkast er sem um sé að ræða inngang eða göng inn í tóftaþyrpinguna, etv. tengt eldri húsum.

Nyrst liggja svo tvær tóftir norður suður, syðri tóftin 6x3m að innanmáli, sú nyrðri um 5x3m að innanmáli. Veggur er á milli tóftanna og dyr hafa verið sitthvoru megin hans á tóftunum til vesturs. Aftan (austan) þessara tófta og í krók milli þeirra og fjárhús/hlöðutóftanna eru svo leifar tveggja smærri tófta. Báðar eru tóftirnar um 2x3m að innanmáli og eru engar dyr greinanlegar á vestari tóftinni en líkindi til dyra í austur úr eystri tóftinni. Þessar tóftir virðast grónari og veggjaminni en aðrar tóftir í þyrpingunni, etv. tilheyra þær eldra byggingaskeiði.

Tóftirnar eru grasi grónar en þó má greina grjót í hleðslum. Veggir eru allt að 2ja metra háir sérstaklega í nyrstu tóftinni og um 2m á breidd. Annars eru tóftirnar orðnar vel grónar fyrir utan einstaka moldarflekk þar sem vegghleðslur eru að hrynja. Húsin hafa öll verið hlaðin úr torfi og grjóti.

Foss-13

Fvnr.: 10013

ISN93: N513694,732 A404383,543

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag, niðurgroftur

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir

Sunnan í svokölluðu Hjallholti efst og nyrst í túni eru leifar matjurtagarðs. Garðurinn er að hluta grafinn inn í brekkuna. Hann er um 11x8m að stærð og myndar brekkan hliðar hans á þrjá vegu en suðurhliðin er hlaðin. Hleðslan er um 30cm hæð, úr grjóti. Garðurinn er mest um 40cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Í samantekt sinni um Foss segir Gunnar Sæmundsson frá jarðrækt Jóns Þorsteinssonar sem bjó á Fossi um miðbik 19. aldar. Mun Jón hafa tekið upp kartöflurækt fyrstur manna í Hrútafirði. Óvíst er hvort að þessi garður tilheyrir þeirri garðrækt eða er seinni tíma. Ekki fundust önnur ummerki matjurtagarða.

Heimildaskrá

Gunnar Sæmundsson: *Hver einn bær á sína sögu. Foss í Hrútafirði*, óprentað handrit.

Foss-14

Fvnr.: 10014

ISN93: N513475,43 A404240,83

Hlutverk: Gata

Tegund: Slóði

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir og lýsing

Götuslóði liggur frá útihúsum [Foss-12] á svokölluðum Bala neðst í túni í átt að bæjarhóli Neðra-Foss. Sést á um 60m löngum kafla.

Foss-15**Fvnr.: 10015****ISN93:** N513560,31 A513560,31**Hlutverk:** Gata**Tegund:** Slóði**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Staðhættir og lýsing**

Götuslóðar eru greinanlegir vestast í túni, í hólum neðan við Neðra-Foss og norður túnið. Sjást á um 150m löngum kafla.

Foss-16**Fvnr.: 10016****ISN93:** N513513,224 A404420,775**Hlutverk:** Leiksvæði**Tegund:** Tóft**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Staðhættir**

Við girðingu syðst í Fosstúni, um 30m suður af réttinni [Foss-10] eru leifar 2ja smákofa. Þarna mun hafa verið leiksvæði barna og man heimildamaður eftir þessum kofum.

Lýsing

Syðst er smátóft um 1x1m að innanmáli og hefur hún verið hlaðin upp við dálítinn klett sem nú liggur við girðinguna sunnan Fosstúns. Tóftin er að mestu hrunin, veggir hafa verið óverulegir.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson, bóndi í Hrútatungu.

Foss-17**Fvnr.: 10017****ISN93:** N513514,178 A404415,758**Hlutverk:** Leiksvæði**Tegund:** Tóft**Ástand:** Gott**Hættumat:** Lítil hætta**Staðhættir**

Við girðingu syðst í Fosstúni, um 30m suður af réttinni [Foss-10] eru leifar 3ja smákofa. Þarna mun hafa verið leiksvæði barna og man heimildamaður eftir þessum kofum.


Lýsing

Um 3m norðan kofans við klettinn [Foss-16] er lítil kofatóft um 1x1m að innanmáli, dyr til suðurs. Veggjahæð er 30cm, þykkt 40cm. Áföst austan hennar eru einhverjar minni hleðslur, etv. af tóft eða smá garði.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson, bóndi í Hrútatungu.

Foss-18**Fvnr. 10018****ISN93:** N512880,242 A404458,942**Sérheiti:** Stekkjarhöfði**Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Tóft**Ástand:** Gott**Hættumat:** Hætta vegna skógræktar**Staðhættir**

Í ornefnaskrá segir: „Fram Fossdal (áður Helludalur) eru þessi ornefni: Miðmorgunshóll, sunnar og ofar Dagmálahóll, neðar Grashóll og Háabæli niður við á. Lítið sunnar og ofar en Grashóll er Svartiskurður og Langholt, þá Litlagil, Stekkjjarhöfði (við ána) og Stekkjarlækur og Hvarfflóí (við ána); ofar í brekkunum Stekkjarbreiðar og á brúninni Breiðapúfa.“ (ÖJM, 1). Stekkjarlækur er annar í röð stærri lækja sem renna í landareign Foss, framan heimatúns. Þar sem lækurinn rennur í Síká rennur hann vestan við stakan klettahöfða sem liggur fram í ána. Norðan þessa höfða er grasi gróinn dalur eða dæld og í brekkunni norðan hennar stallur sem á liggja stekkjartóftir. Stekkurinn er í um 720m til suðurs frá núverandi íbúðarhúsi.



Horft til norðurs í átt að Fossi frá Stekkjarhöfða. Stekkjartóftin fyrir miðri mynd. Ljós. GZ.

Lýsing

Stekkurinn er um 9x7m að utanmáli og liggur austur-vestur. Rétt er austan í stekkknum um 4x4m að innanmáli. Sunnanvert á austur skammhlið réttarinnar hefur verið hlið. Áföst vestan


við er svo lambakróin, um 2x4m að innanmáli og sjást merki um dyr milli króar og réttar. Veggir eru mjög hrundir og stekkurinn gróinn og ekki hægt að greina grjót úr hleðslu nema á stöku stað. Stekkurinn er byggður sunnan í brekku og myndar hún að hluta norðurhlið hans. Suðurveggur stekkjarins er að stóru leyti hruninn niður brekkuna að sunnan. Veggjahæð er mest norðan til, um 80cm en veggjaþykkt um metri.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Seltóftir við Fitjavatn

Teikn. BZ



Foss-19

Fvnr.: 10019

ISN93: N510691,053 A408350,684

Hlutverk: Sel/bústaður (?)

Tegund: Tóft

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hættu

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: Nokkru sunnar [en Austarivötn] er Grensás (liggur yfir landamerkin [við Fossel] Utar og neðar er Stórhóll og Fitjavötn (tvö) og á brúninni Fitjarbungur (bls. 3) Vestan við norðurenda syðra Fitjavatnsins, við litla vík liggja nokkrar tóftir, etv. af seli. Tóftirnar liggja neðan undir hól rétt um 3m frá vatnsbakkanum. Tæplega tíu metra vestur af seltóftunum er upphornaður lækjarfarvegur. Tóftirnar eru algrónar sínu, eru ekki teknar að grænka eins og algengt er þar sem húsdýr hafa verið haldin. Gæti það bent til þess að tóftirnar séu nokkuð gamlar. Einnig eru þær orðnar jarðsokknar og hlaupnar í þúfur sem einnig bendir til hás aldurs.

Lýsing

Tóftirnar eru fjórar. Syðsta tóftin liggur nálega norður/suður og er 4x6m að utanmáli. Breidd veggja er 50sm og hæð þeirra um 45sm. Dyr eða hlið hefur snúið mót suðri og virðast vera aðrar við norðvesturhorn tóftar, þar sem veggur er lægri. Þar gæti þó hugsanlega verið um hrun að ræða.

Aðrar upplýsingar

Nokkur leit var gerð að seltóftum í tengslum við örnefnin Sellækir og Selflóir sem finna má í örnefnaskrá en engar seltóftir fundust þar. Fyrir utan örnefnin er heimildir um sel að finna í



Horft til suðvesturs yfir tóftir sels eða einsetumannakofa við Fitjavatn. Ljósm. BZ.

Jarðabók Árna og Páls þar sem segir: „Selstöðu á jörðin góða í sínu eigin landi“ (JÁM, 7). Allt útlit og umhverfi tóftanna sem hér um ræðir bendir til að um seltóftir sé að ræða. Engin líkindi túngarðs eða túns er að finna umhverfis tóftirnar og bera þær þess merki að vera skammtímabústaður eða hafi haft einhverskonar árstíðabundið hlutverk. Í samantekt Gunnars Sæmundssonar um Foss er þó getið þeirra munnmæla að þar hafi um tíma búið einsetumaður sem drukknað hafi í vatninu. Ekki er óþekkt að sel hafi orðið seinni tíma mannbústaðir og öfugt og því kann vel að vera að þarna hafi einhvern tímann verið búið þó ekki verði fullýrt frekar um notkun tóftanna hér.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinsson. Örnefnastofnun Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (8. bindi). Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

Gunnar Sæmundsson: *Hver einn bær á sína sögu. Foss í Hrútafirði*, óprentað handrit.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson, bóndi í Hrútatungu.

Foss-20

Fvnr.: 10020

ISN93: N510702,43 A408354,344

Hlutverk: Sel/bústaður (?)

Tegund: Tóft

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir

Vestan við norðurenda syðra Fitjavatnsins, við litla vík við vatnið liggja nokkrar tóftir, líklega af seli.

Lýsing

Norðan við tóft [19] eru tvær samfastar tóftir, sú vestari liggur nálega norður/suður og er 2x4m að innanmáli. Dyr hafa snúið mót suðri og hugsanlega hefur verið innangengt á milli tóftanna. Austan þeirra liggur tóft sem snýr vestnorðvestur/austsuðaustur og er 2x4m að innanmáli. Dyr hafa snúið mót suðri og eins og fyrr er getið hefur hugsanlega verið gengt milli tófta. Breidd veggja er 1m og hæð þeirra um 50sm.

Foss-21

Fvrnr.: 10021

ISN93: N510696,622 A408350,485

Hlutverk: Sel/bústaður (?)

Tegund: Garðlag

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Vestan við norðurenda syðra Fitjavatnsins, við litla vík við vatnið liggja nokkrar tóftir, líklega af seli.

Lýsing

Garðlag virðist vera á milli tófta [19 og 20] hugsanlega til að auðvelda rekstur sauðfjár í norðari tóftina. Hæð þess er um 30sm og breidd 1m. Það liggur nálega norður/suður og er algróið eins og tóftirnar.

Foss-22

Fvrnr.: 10022

ISN93: N510697,862 A408364,157

Hlutverk: Sel/bústaður (?)

Tegund: Tóft

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Vestan við norðurenda syðra Fitjavatnsins, við litla vík við vatnið liggja nokkrar tóftir, líklega af seli.

Lýsing

Austur af tóft [20] er veggjalag, sem liggur í framhaldi af nyrðri útvegg tóftar og myndar þar afmarkað hól, opið til suðurs. Það er 2x4m að innanmáli og hefur hugsanlega verið rétt. Breidd veggja er eins og í tóftunum vestan við um 50sm á hæð og 1m á breidd.

Foss-23

Fvrnr.: 10023

ISN93: N510702,336 A408346,773

Hlutverk: Sel/bústaður (?)

Tegund: Tóft

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Vestan við norðurenda syðra Fitjavatnsins, við litla vík við vatnið liggja nokkrar tóftir, líklega af seli.

Lýsing

Fjórða tóftin liggur vestast, um 7m austur af þurrum lækjarvegi. Hún liggur austur/vestur og er nokkuð ógreinilegri en hinar tóftirnar eða fellur betur að umhverfi sínu sem er nokkuð þýft,

að norðan og vestan. Tóftin er 4x6m að utanmáli og breidd veggja um 1m en hæð þeirra allt að 40sm.

Foss-24

Fvnrnr.: 10024

ISN93: N513204,040 A404857,595

Hlutverk: Rétt, náthagi (stekkur?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir


Á norðurbakka fyrsta lækjarins sem rennur milli túns á Fossi og Stekkjarlækjar er réttartóft. Tóftin er um 680m suðvestur af bæjum á Fossi og um 100m neðan (vestan) vegarins inn að Fossseli.

Lýsing

Réttin liggur fram á bakka lækjarins undir hóli og myndar hólninn norður langvegg hennar. Heildarlengd réttarinnar er 16m og breidd 11m. Hún er með tvo dilka, að vestan er stærri dilkur um 9x6m að innanmáli, hann snýr austur-vestur. Hlið hefur verið við norðvestur horn. Austan og áföst hans er tóft eða annar dilkur og liggur hann samsíða austur skammhlið réttarinnar, norður-suður.

Sú tóft er um 8x2m að innanmáli og hafa dyr vitað í suður að læknum. Um 6m langt garð-eða veggjabrot liggur í framhaldi af eystri tóftinni og myndar líkt og inngang í hana. Veggir eru mjög grónir og hrundir og er ekki hægt að greina í þeim grjóti. Óljóst hvort innangengt hefur verið milli tóftanna.

Heimildamaður: Árni Jón Eypórsson, bóndi á Bálkastöðum.



Foss-25

Fvnrnr.: 10025

ISN93: N513381,468 A404486,844

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir

Í jarðabók frá 1708 segir: „Móskurður til eldiviðar halda menn vera megi, en brúkast ekki; hefur þó að fornu brúkaður verið“ (JÁM, 7).

Í mýrlendismóa um 300m suðaustur af bæjarstæði Foss er nokkuð svæði þar sem greinilega hefur verið unninn mór.

Lýsing

Svæðið er um 35x40m að stærð og má þar sjá margar misgamlar mógrafir, sumar uppþornaðar en vatn er enn í sumum þeirra.

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (8. bindi). Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

Foss-26

Fvnr.: 10026

ISN93: N512930,930 A404629,899

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Varðan er hrúnin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Melhólar eru í móanum sunnan túns á Fossi, bæði norðan og sunnan Stekkjarlækjar.

Mjög hrúnin varða eða grjóthleðsla, um 1,5x0,8m að ummáli stendur á melhóli 730m suðaustur frá bæjarstæðunum, norðan Stekkjarlækjar.



Varða nr. 26. Ljósm. BZ.

Foss-27

Fvnr.: 10027

ISN93: N512946,329 A404716,715

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Varðan er hrúnin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Stendur á melhóli um 760m suðaustur af bæjarstæðunum, norðan Stekkjarlækjar. Mjög hrúnin varða eða steinhleðsla einhverskonar. Um 1,5x1,5m að ummáli.



Varða nr. 27. Ljósm. BZ.

Foss-28

Fvnr.: 10028

ISN93: N512991,631 A404577,023

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Hleðslan er hrúnin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Tvær grjóthrúgur standa með 4m millibili á melhóli 650m suðaustur af bæjarstæðunum, norðan Stekkjarlækjar. Syðri grjóthrúgan er stærri, um 2x1,5m að ummáli. Vera kann að þetta sé hrúnin varða en þó virðist fremur vera um að ræða einhverskonar samsafn af grjóti.



Vörður nr. 28 og 29. Ljósm. GZ.

Foss-29

Fvnr.: 10029

ISN93: N512995,111 A404577,477

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Hleðslan er hrúnin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Tvær grjóthrúgur standa með 4m millibili á melhóli 650m suðaustur af bæjarstæðunum, norðan Stekkjarlækjar. Nyrðri hleðslan er nánast ferköntuð um 70x80cm að ummáli. Hafi þarna verið varða hefur hún verið mjög óveruleg.



Varða nr. 30. Ljósm. GZ.

Foss-30

Fvnr.: 10030

ISN93: N513080,307 A404490,055

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Hleðslan er hrunin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Stendur á melhóli um 530m suðaustur af bæjarstæðunum, norðan Stekkjarlækjar. Grjótdreif, etv. leifar hruninnar vörðu um 1x0,7m að umáli. Hleðslan er orðin nokkuð gróin.

Foss-31

Fvnr.: 10031

ISN93: N513141,909 A404560,820

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Hleðslan er hrunin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Stendur á melhóli um 511m suðaustur af bæjarstæðunum, norðan Stekkjarlækjar. Leifar einhverskonar grjóthleðslu eða vörðu. Í grunninn er hleðslan ferköntuð, um 60x60m og rétt um 15cm á hæð.



Varða nr. 31. Ljósm. GZ.



Varða nr. 32. Ljósm. GZ.

Foss-32

Fvnr.: 10032

ISN93: N513144,683 A404589,259

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Hleðslan er hrunin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Stendur á melhóli um 530m suðaustur af bæjarstæðunum, norðan Stekkjarlækjar. Grjótlögn eða smá hrúga sem virðist vera nokkurn veginn ferköntuð steinlögn og

samsafn steina innan hennar. Stærð um 80x60cm.



Varða nr. 33. Ljósm. GZ.

Foss-33

Fvnr.: 10033

ISN93: N512994,397 A404937,827

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Stendur á melhóli um 880m suðaustur af bæjarstæðunum, norðan Stekkjarlækjar. Mjög hrúnin varða eða steinhleðsla einhverskonar liggur efst á hólnum. Hún er um 1x1,5m að utanmáli.

Foss-34

Fvnr.: 10034

ISN93: N512887,708 A404845,875

Hlutverk: Óþekkt, gróf (?)

Tegund: Steinalögn

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Tvær grjótlagnir eða hleðslur liggja á lágri melbrún um 10m sunnan Stekkjarlækjar um 890m suðaustan bæjarstæðanna á Fossi.

Um 50cm skilja hleðslurnar/steinlagnirnar að. Syðri lögnin er einfalt grjótlag nánast hringlaga um 80x80cm að stærð. Um hálfum metra norðan hennar er svo aflöng grjótlögn um 1,7m löng og um 80cm breið. Útbrúnir þessarar steinlagnar virðist vera eitt umfar af steinum sem myndar aflangan ferhyrning en innan grjóthleðslunnar er síðan óreglulegt samsafn steina.



Steinlögn nr. 34. Ljósm. GZ.

Aðrar upplýsingar

Þarna virðist ekki um vörðu að ræða og er óvíst



Varða nr. 35. Ljósm. GZ.

hvaða tilgangi þessi steinlögn hefur þjónað. Stundum marka einfaldar grjótraðir og steinlagnir kuml eða grafir úr heiðnum sið en ekki er hægt að fullyrða hvort um slíka gróf er hér að ræða.

Foss-35

Fvnr.: 10035

ISN93: N512612,556 A404969,778

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Hleðslan er hrúnin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Stendur á melhóli um 1,1km suðaustur af bæjarstæðunum, sunnan Stekkjarlækjar. Grjóthrúga, líklega hrunin varða um 1x0,7m að stærð.

Foss-36



Varða, grjóthrúga nr. 36. Ljós. GZ.

er óþekktur.

Fvnr: 10036

ISN93: N512541,556 A404942,113

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Gott en hleðsla að hluta hrunin

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Grjóthrúga, að hluta til gróin, stendur á melhóli um 1,2km suðaustur af bæjarstæðunum, sunnan Stekkjarlækjar. Nokkuð myndarleg grjóthrúga, um 1,8x1,5m að umfangi neðst. Hrúgan er um 70cm á hæð.

Hrúgan virðist of umfangsmikil til að um hrunda vörðu sé að ræða en tilgangur hennar

Foss-37

Fvnr.: 10037

ISN93: N512895,637 A405275,866

Hlutverk: Óþekkt, varða (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Stendur efst á melbrún neðan gamla sýsluvegarins um 1,2km austsuðaustur af bæjarstæðunum, sunnan Stekkjarlækjar.



Varða nr. 37. Ljós. BZ.

Foss-38



Varða nr. 38. Ljós. GZ.

Fvnr.: 10038

ISN93: N513669,515 A404740,558

Sérheiti: Ólafsvarða (?)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á hálsinum eru þessi örnefni: Sunnar og ofar en Hesthóll er Bælshóll (lítið nibbuholt). Utar og ofar Votakelda (liggur yfir landamerkin), þá sunnar Grafarásar (tveir), þá sunnar og neðar Langás og Langásflói, ofanvert við hann eru Bletthólar (tveir), lítið sunnar Ólafsvarða, þá ofar Fossvatnsflói og Fossvatnsbreið við Yzta Fossvatn“ (ÖJM, 2).

Lýsing

Grjóthrúga, líklega hrunin varða, um 1x0,8m að stærð. Ekki er víst að um Ólafsvörðu sé að ræða.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinsson. Örnefnastofnun Íslands.

Foss-39

Fvnrnr.: 10039

ISN93: N512421,767 A406067,261

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir og lýsing

Varða stendur á mel um 20m neðan við veg inn að Fossseli 2,1km austsuðaustur frá bæjarstæði Foss, sunnan fremri Sellækjarins. Grjóthrúga um 1x0,7m að ummáli. Hrunin.



Varða nr. 39. Ljósm. GZ.

Foss-40

Fvnrnr.: 10040

ISN93: N511763,685 A405680,432

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir og lýsing

Varða stendur á mel 2,3km austsuðaustur frá bæjarstæði Foss, sunnan fremri Sellækjarins. Grjóthrúga um 1x0,7m að ummáli. Hrunin.

Foss-41

Fvnrnr.: 10041

ISN93: N511501,213 A405835,143

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir og lýsing

Varða stendur á mel um 2,6km austsuðaustur frá bæjarstæði Foss, sunnan fremri Sellækjarins. Grjóthrúga um 1x0,7m að ummáli. Hrunin.

Foss-42

Fvnrnr.: 10042

ISN93: N514225,652 A404694,328

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir og lýsing

Um 800m norðaustur og upp af bæjarstæði Foss og ofan túngirðingar er smá vörðuhrúgald á steini. Tilgangur óviss.



Varða nr. 43. Ljósm. GZ.

Foss-43

Fvnr.: 10043

ISN93: N514454,344 A404408,221

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir og lýsing

Um 900m ofan og norðan bæjarstæðis Foss, ofan túngirðingar er hlaðin varða, önnur tveggja varða sem enn standa að einhverju leyti. Varðan er um 80cm á hæð og 50cm á breidd neðst.

Foss-44

Fvnr.: 10044

ISN93: N513012,616 A404620,033

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir og lýsing

Varða eða einhverskonar grjóthleðsla er á melkolti um 650m suðaustur af Fossbæjunum. Óregluleg grjóthruga um 1,5x1m að ummáli. Hafi þetta verið varða hefur hún verið mjög óvönduð.



Varða nr. 44. Ljósm. GZ.



Varða nr. 45. Ljósm. GZ.

Foss-45

Fvnr.: 10045

ISN93: N513329,697 A404631,419

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða (?)

Staðhættir og lýsing

Þrjár vörður eða grjóthrúgur einhverskonar liggja á melholti suðaustur af Fosstúninu. Sú austast þessara varða er um 430m suðaustur af Fossbæjunum..

Foss-46**Fvnr.: 10046****ISN93:** N513329,298 A404628,314**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Varða**Staðhættir og lýsing**

Þrjár vörður eða grjóthrúgur einhverskonar liggja á melholti suðaustur af Fosstúninu. Fjórum metrum vestan vörðu [Foss-45] liggur önnur svipuð grjóthrúga.

Foss-47**Fvnr.: 10047****ISN93:** N513328,344 A404621,905**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Varða**Staðhættir og lýsing**

Þrjár vörður eða grjóthrúgur einhverskonar liggja á melholti suðaustur af Fosstúninu. Vestust þeirra er 6m vestur af vörðu [46] og um 428m suðaustur af bæjarstæðinu.

*Varða nr. 46. Ljósm. GZ.***Foss-48****Fvnr.: 10048****ISN93:** N514074,744 A404390,472**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Varða**Staðhættir og lýsing**

Smá grjóthrúga er á stórum steini 520m norðnorðvestur af bæjarhóli Neðra-Foss. Nokkrir steinar sem varla hafa myndað mjög reglulega vörðu. Tilgangur óviss.

*Varða nr. 49. Ljósm. GZ.***Foss-49****Fvnr.: 10049****ISN93:** N514210,186 A404252,177**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Varða**Staðhættir og lýsing**

Smá varða liggur á melbrún 650m norðnorðvestur af bæjarhóli Neðra-Foss. Önnur tveggja varða sem skráðar voru sem enn stendur alveg heil. Neðst er varðan um 70x70cm og hún er um 60cm há.

Listi yfir fornleifar sem ekki fundust við vettvangsskráningu

Foss-50

Sérheiti: Sauðhúsballi /Hesthúshóll

Hlutverk: Sauðhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið að mestu

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðast og efst á túni er Hjallholt, [...]. Út við túngarð gegnt niður af Hjallholti er Sauðhúsballi (nú Hesthúshóll)“ (ÖJM, 1).

Hesthúshóll eða Sauðhúsballi er hóll ofan heimreiðar um 80m beint norður af bæjarhóli Neðra-Foss, sunnan túngarðs. Þarna hefur nú verið sléttað úr öllu og engin merki um hvorki fjárhús eða hesthús.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður nefnir að þarna hafi einnig staðið fjós frá Efra-Fossi um miðja 20. öldina en engin merki sjást nú heldur um það.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður: Gunnar Sæmundsson bóndi í Hrútatungu.

Foss-51

Sérheiti: Sellækir, Selflói

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Lítið sunnar Stóragil, þá Sjónarhóll (á brúninni), lítið sunnar Illiskurður, Valþúfa við ána. Upp frá henni Stórhóll og skammt framar Sellækir (tveir) [...] Niður af Brekkum eru Hestapyttir og Selflói.“ (ÖJM, 1-2).

Í Jarðabók segir: „Selstöðu á jörðin góða í sínu eigin landi“ (JÁM, 7).

Aðrar upplýsingar

Gengið var meðfram báðum Sellækjunum og meðfram ánni við þá auk þess sem skoðað var töluvert svæði á Hálsinum umhverfis mýrarflóa sem kallast Selflói. Engar minjar fundust við vettvangsskoðunina.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (8. bindi). Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

Foss-52

Sérheiti: Torfholt

Hlutverk: Náma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá bæjunum og út að merkjum milli Foss og Bálkastaða eru þessi örnefni: út og upp frá túni Grjótholt, þar neðan Vegholt. Niður við ána Torfholt, þá nokkru utar Litlagil, þá Steinholt (tvö saman)“ (ÖJM, 1). „Torfrista og stúnga er bjargleg til húsabótar og heyja“ segir í Jarðabók Árna og Páls (JÁM, 7.)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (8. bindi). Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

Foss-53

Sérheiti: Breiðagata (Breiðugötuholar)

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Austur á landamerkjum eru Nennishólar, syðst á þeim hólarana er Nennishólanibba. Niður af Syðsta-Fossvatni er Marteinsbreiðarás og Marteinsbreið (við neðri enda ássins). Sunnar og neðar er Digurhóll; utar og neðar er Stekkjarlækjarflói og Vörðuhóll, þá sunnar Stóragilsflói og Breiðugötuholar, [...]“ (ÖJM, 2).

Aðrar upplýsingar

Fannst ekki við skráningu

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinsson. Örnefnastofnun Íslands.

Foss-54

Sérheiti: Engishólar

Hlutverk: Engjabrýr/Heystæði

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sunnar og neðar er Digurhóll; utar og neðar er Stekkjarlækjarflói og Vörðuhóll, þá sunnar Stóragilsflói og Breiðugötuholar ofan við þá Breiðifló, sunnan við hann Skjónuholt og Skjónuholtsskurður, þar austur af eru Blettir og Engishólar; suður af þeim eru Brekkur og Grængolufló“ (ÖJM, 2). „Engjatak er votlent mjög og örðugt að nokkru leyti, en þó af nægð í meðalári, og er yfir foruð heim að flytja, og þó ei alllangt“ segir í jarðabók Árna og Páls (JÁM, 7-8).

Aðrar upplýsingar

Engin merki um heytóftir fundust við skráninguna.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinsson. Örnefnastofnun Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (8. bindi). Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

Foss-55

Sérheiti: Heyhvammur

Hlutverk: Heytóftir?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Undirlendi, nes, við Stórafoss og nokkru ofar hóll, Kollur. Þá er Hrossabeinskvísl og Ytri-Hrossabeinshóll, Langanös (við ána), þar ofar Hrossabeinsflóar (tveir) og Innri-Hrossabeinshóll, Heyhvammur við ána og Öxl við ána, lítið innar, þá Fitjalækur“ (ÖJM, 2).

Aðrar upplýsingar

Engin merki um heytóftir fundust við skráninguna.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinsson. Örnefnastofnun Íslands.

Foss-56**Sérheiti:** Vörðuhóll**Hlutverk:** Varða**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Austur á landamerkjum eru Nennishólar, syðst á þeim hólarana er Nennishólanibba. Niður af Syðsta-Fossvatni er Marteinsbreiðarás og Marteinsbreið (við neðri enda ássins). Sunnar og neðar er Digurhóll; utar og neðar er Stekkjarlækjarflói og Vörðuhóll, þá sunnar Stóragilsflói og Breiðugötuhólar, [...]“ (ÖJM, 2).

Aðrar upplýsingar

Fannst ekki við skráningu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Foss. Höfundur, Jón Marteinsson. Örnefnastofnun Íslands.

Samantekt

Alls voru skráðar 56 minjar á Fossi, þar af voru 49 minjar sem fundust á vettvangi og 7 minjar sem vísbendingar eru um í heimildum en fundust ekki á vettvangi. Flestar minjanna eru dæmigerðar búsetu- og landbúnaðarminjar frá seinni hluta 19. aldar fram á fyrri hluta þeirrar 20.

Minjar í túni

Á Fossi er enn að finna nokkuð af eldri búsetuminjum í heimatúninu. Túngarður umlykur gamla túnið á þrjá vegu og mun hann hafa verið hlaðinn um miðbik 19. aldarinnar. Innan túngarðs liggja tveir veglegir bæjarhólar, leifar tvíbýlisins Efra- og Neðra-Foss. Nafn jarðarinnar kemur fyrst fyrir í eignabréfi frá miðri 16. öld en þar kann þó að hafa verið búið mun lengur, etv. allt frá elstu tíð. Hinsvegar er fáar minjar að finna innan túns sem að tilheyrt gætu elstu byggð en slíkt er algengt þar sem að búið hefur verið á sama stað um aldir. Ætla má að menjar um elstu byggð sé að finna í þeim hlutum bæjarhólanna sem ósnortnir eru. Minjavörður Norðurlands vestra gerði fornleifakönnun í tengslum við byggingaframkvæmdir á staðnum og kom þar í ljós að eldri mannvistarleifar er að finna í bæjarhóli Neðra-Foss en Efra-Foss. Það kann að benda til að þar sé um að ræða upphaflega bæjarstæðið en nafnið Efri- og Neðri-Foss komi ekki til sögunnar fyrr en á 20. öld.

Leifar tveggja túngarða er að finna í túni. Sá yngri, frá miðri 19. öld, er nokkuð stæðilegur, allt í eins metra hár. Hluta hans vantar þó á pörtum, bæði vegna jarðræktar í túni og svo er hann að hluta til uppblásinn. Tvo búta úr eldri túngarðinum má einnig finna innan túns og benda lega þeirra til að heimatúnið hafi verið töluvert minna áður en farið var í jarðabætur um miðja 19. öld. Óljósar leifar útihúsa er að finna á svokölluðum Fjárhúshóli efst í túni en neðan þess hóls liggur gróin útihúsatóft, etv. fjárhús og hlaða. Tóftirnar á hólnum hafa greinilega verið sléttaðar út og sama má segja um tóftir á svokölluðum Sauðhúsbala/Hesthúshóli nyrst í túni. Við túngarðinn sunnanverðan eru heillegar leifar fjárréttar og neðst í túni er stæðileg þyrping útihúsa sem munu hafa tilheyrt Neðra-Fossi. Rétt utan túngarðs að sunnan er að finna leifar smákofa en þar mun hafa verið leikstaður barna.

Minjar utan túns

Í móanum sunnan Fosstúns er að finna svæði þar sem að mór hefur verið tekinn og sjást mógrafirnar enn mjög greinilega. Þær eru þó misgrónar og augljóst að þarna hefur lengi verið tekinn mór. Við læk sunnan mógrafanna liggur gömul réttartóft sunnan undir melhóli. Réttin skiptist í tvo dilka en einnig kann að vera að þarna sé um að ræða stekk eða lítinn nátthaga. Stekk er svo að finna við svokallaðan Stekkjarhöfða, stakan klettahöfða sem liggur fram í Síkána sunnan Fosstúns. Stekkurinn liggur í brekku norðan höfðans og er hann orðinn mjög gróinn og hlaupinn í þúfur.

Svæðið milli Fosstúns og Stekkjarlækjar er votlendur mói milli lágra melhæða. Á öllum þessum hæðum er að finna grjóthrúgur eða steinlagnir einhverskonar. Sama er að segja um fjölmarga melkolla og hæðir í Fosslandi og var ógerlegt að skrá allar þessar minjar. Hnit voru þó tekin af öllum vörðum eða steinlögnum í nágrenni Fosstúnsins. Í skránni eru þessar steinlagnir kallaðar vörður en sjaldnast var um að ræða neina mynd á þessum grjóthrúgum og hafa þetta verið ákaflega óvönduð mannvirki ef um vörður er að ræða. Tilgangur hleðslanna er óljós en ekki virðist um eiginlegar leiðarvörður að ræða. Einnig hlóðu menn oft vörður sér til gamans og má nefna í því sambandi svokallaðar smalavörður. Þess verður að geta að steinlagnir geta legið á heiðnum gröfum og grafreitum, svokölluðum kumlum/kumlateigum. Ekki verður hér fullyrt hvort einhverjar þessara grjótlagna kunni að tilheyra slíkum

grafarumbúnaði en hafa verður í huga að um slíkt kunni að vera að ræða þegar farið verður í skógrækt á svæðinu.

Við norðurenda Fitjarvatns (syðra vatnið með þessu nafni) er að finna minjar sem heimildamaður segir að eignaðar séu einsetumanni sem þar á að hafa búið en hafi drukknaði í vatninu. Ekki verður með vissu fullyrt að um einhverskonar smábýli sé að ræða en þarna eru leifar fjögurra mjög fornlegra smátófta við vatnið en engin merki eru um túngarða eða túnvinnslu af neinu tagi. Það er því ólíklegt að þarna hafi verið langtímabúseta þar sem landbúnaður hafi verið stundaður. Útlit tóftanna bendir til að um seltóftir geti verið að ræða en ekki verður það fullyrt með vissu. Örnefnin Sellækir og Selflóí benda til seltófta sem fundust hinsvegar ekki við vettvangsferðir.

Minjar í hættu og áhættuþættir

Við skráningu fornleifa er lagt mat á það hversu líklegt er að minjarnar verði fyrir einhverskonar raski og hvaða þættir gætu valdið skemmdum á þeim. Þar sem jörð er enn í ábúð teljast allar minjar í og við bæjarstæði vera í hættu vegna ábúðar þar sem á því svæði er mest hætt á framkvæmdum og er þá átt við bæði jarðrask og jarðabætur hverskyns auk byggingaframkvæmda. Í Fosstúni hafa minjar horfið við seinni tíma framkvæmdir og sem dæmi má nefna að ýmis útihús, sem getið er í heimildum og heimildamaður kannast við, eru nú horfin.

Bæjarhólar eru þær byggðaleifar sem hafa mesta og fyllsta sögu að geyma og þar eru oft merki um mörg hundruð ára samfellda uppbyggingu. Þó svo að slíkir hólar hafi verið sléttaðir eða byggt á þeim kunna enn miklar mannvistarleifar að leynast neðanjarðar og því skyldi fara með gát við allar framkvæmdir í og við bæjarstæðið. Nú þegar hafa orðið nokkrar skemmdir á bæjarhóli Neðra-Foss og litlum hluta bæjarhóls Efra-Foss. Varast skyldi að planta gróðri í og við hólana því að rætur plantna skemma veggjalög og aðrar jarðlægar minjar.

Utan heimatúns eru minjar oft í minni hættu og eru því gjarnan betur varðveittar. Sem dæmi má nefna staði eins og beitarhús, stekki, fornbyli og sel. Slíkt er einnig raunin á Fossi en minjar utan túna eru almennt í mjög góðu ástandi. Slíkum minjum er hættast við skemmdum vegna skipulagðrar skógræktar, jarðræktar (t.d. landgræðslu) og vegagerðar. Um 190 hektara skiki úr landinu hefur verið skipulagður undir skógrækt og er mikilvægt að tekið sé tillit til minjanna við þær framkvæmdir. Aldrei skyldi planta í og við tóftir og mikilvægt er að minjaheildir fái að njóta sín og að þeim sé veitt nægjanlegt rými innan ræktunarsvæða. Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat minja og minjagildis og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja og minjaheilda. Á þann hátt er einnig hægt að fylgjast með mikilvægum minjastöðum eftir því sem að náttúrulegum skógi vex ásmegin í skjóli skipulagðrar skógræktar eða friðunar.

Niðurlag

Alls voru skráðar 49 minjar á vettvangi og þar af eru 24 vörður eða steinhleðslur af einhverju tagi. Sé tillit tekið til minjanna við skipulag skógræktar, garðræktar eða jarðvinnslu hverskyns teljast þær ekki vera í mikilli hættu.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Alltaf má þó reikna með að einhverjar minjar finnist ekki við fornleifaskráningu og geta þær komið í ljós

síðar. Einnig ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1926. *Jarðabók. Annað bindi*. Hið íslenska fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

Húnaþing II. Sigurður J. Líndal og Stefán A. Jónsson (ritstj.). Akureyri, 1978.

Íslenzkt fornbréfasafn XI 1310-1550. Reykjavík, 1920-25. (Dipl.isl. XI)

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847. (JJ)

Manntal á Íslandi 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands. 1924-1947. (MT)

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins Íslenska Bókmennafélags 1839-1873, I, Húnavatnssýsla. Jón Eypórsson bjó til prentunar. Akureyri, 1950.

Óprentaðar heimildir

Gunnar Sæmundsson, *Hver einn bær á sína sögu. Foss í Hrútafirði*. Óprentað handrit.


Örnefnaskrá Foss. Jón Marteinsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl

Hnitalisti fyrir Foss

Bær/nr	Kennitala	Minjar	Isn93	Austun	Norðun
Foss-1	10001	Bæjarhóll		404256,2	513577,987
Foss-2	10002	Bæjarhóll		404301,456	513557,645
Foss-3	10003	Túngarður		404266,065	513682,092
Foss-4	10004	Túngarður		404279,75	513664,864
Foss-5	10005	Þúst		404396,278	513608,116
Foss-6	10006	Súrheysgryfja		404300,214	513568,35
Foss-7	10007	Garðlag undan girðingu		404456,894	513612,784
Foss-8	10008	Heimtröð		404274,572	513648,721
Foss-9	10009	Vegur		404488,957	513812,031
Foss-10	10010	Rétt		404390,245	513536,249
Foss-11	10011	Tóft		404362,939	513612,14
Foss-12	10012	Tóftaþyrping		404239,038	513457,071
Foss-13	10013	Matjurtagarður		404383,543	513694,732
Foss-14	10014	Gata		404240,83	513475,43
Foss-15	10015	Gata		404198,551	513560,31
Foss-16	10016	Leiksvæði		404420,775	513513,224
Foss-17	10017	Leiksvæði		404415,758	513514,178
Foss-18	10018	Stekkur		404458,942	512880,242
Foss-19	10019	Sel/bústaður		408350,684	510691,053
Foss-20	10020	Sel/bústaður		408354,344	510702,43
Foss-21	10021	Sel/bústaður		408350,485	510696,622
Foss-22	10022	Sel/bústaður		408364,157	510697,862
Foss-23	10023	Sel/bústaður		408346,773	510702,336
Foss-24	10024	Rétt (stekkur?)		404857,933	513204,182
Foss-25	10025	Mógrafir		404487,926	513378,338
Foss-26	10026	Varða/grjóthrúga		404629,899	512930,93
Foss-27	10027	Varða/grjóthrúga		404716,715	512946,329
Foss-28	10028	Varða/grjóthrúga		404577,023	512991,631
Foss-29	10029	Varða/grjóthrúga		404577,477	512995,111
Foss-30	10030	Varða/grjóthrúga		404490,055	513080,307
Foss-31	10031	Varða/grjóthrúga		404560,82	513141,909
Foss-32	10032	Varða/grjóthrúga		404589,259	513144,683
Foss-33	10033	Varða/grjóthrúga		404937,827	512994,397
Foss-34	10034	Varða/grjóthrúga		404845,875	512887,708
Foss-35	10035	Varða/grjóthrúga		404969,778	512612,556
Foss-36	10036	Varða/grjóthrúga		404942,113	512541,556
Foss-37	10037	Varða/grjóthrúga		405275,866	512895,637
Foss-38	10038	Varða/grjóthrúga		404740,558	513669,515
Foss-39	10039	Varða/grjóthrúga		406067,261	512421,767
Foss-40	10040	Varða/grjóthrúga		405680,432	511763,685
Foss-41	10041	Varða/grjóthrúga		405835,143	511501,213
Foss-42	10042	Varða/grjóthrúga		404694,328	514225,652
Foss-43	10043	Varða/grjóthrúga		404408,221	514454,344
Foss-44	10044	Varða/grjóthrúga		404620,033	513012,616
Foss-45	10045	Varða/grjóthrúga		404631,419	513329,697
Foss-46	10046	Varða/grjóthrúga		404628,314	513329,298
Foss-47	10047	Varða/grjóthrúga		404621,905	513328,344
Foss-48	10048	Varða/grjóthrúga		404390,472	514074,744
Foss-49	10049	Varða/grjóthrúga		404252,177	514210,186

Foss



Stekkjarhöfði

Síká

Stóragil

Minjar í landi Foss

Vegur

Túngarður

0

100

200

300

400

500

m

N

Loftmynd: © Landmælingar Íslands


Kort: © Byggðasafn Skagfirðinga

41

Minjar sem eru innan skógræktarsvæðis

<i>Jörð</i>	<i>Númer</i>	<i>Sérheiti</i>	<i>Hlutverk</i>	<i>Austun</i>	<i>Norðun</i>
Foss-7	10007		Garðlag undan girðingu	404456,9	513612,8
Foss-9	10009	Vegholt	Vegur	404489	513812
Foss-24	10024		Rétt, nátthagi	404857,9	513204,2
Foss-25	10025		Mógrafir	404487,9	513378,3
Foss-26	10026		Varða/grjóthrúga	404629,9	512930,9
Foss-27	10027		Varða/grjóthrúga	404716,7	512946,3
Foss-28	10028		Varða/grjóthrúga	404577	512991,6
Foss-29	10029		Varða/grjóthrúga	404577,5	512995,1
Foss-30	10030		Varða/grjóthrúga	404490,1	513080,3
Foss-31	10031		Varða/grjóthrúga	404560,8	513141,9
Foss-32	10032		Varða/grjóthrúga	404589,3	513144,7
Foss-33	10033		Varða/grjóthrúga	404937,8	512994,4
Foss-34	10034		Varða/grjóthrúga	404845,9	512887,7
Foss-35	10035		Varða/grjóthrúga	404969,8	512612,6
Foss-36	10036		Varða/grjóthrúga	404942,1	512541,6
Foss-37	10037		Varða/grjóthrúga	405275,9	512895,6
Foss-38	10038		Varða/grjóthrúga	404740,6	513669,5
Foss-42	10042		Varða/grjóthrúga	404694,3	514225,7
Foss-43	10043		Varða/grjóthrúga	404408,2	514454,3
Foss-44	10044		Varða/grjóthrúga	404620	513012,6
Foss-45	10045		Varða/grjóthrúga	404631,4	513329,7
Foss-46	10046		Varða/grjóthrúga	404628,3	513329,3
Foss-47	10047		Varða/grjóthrúga	404621,9	513328,3
Foss-48	10048		Varða/grjóthrúga	404390,5	514074,7
Foss-49	10049		Varða/grjóthrúga	404252,2	514210,2

Foss í Hrútafirði - Minjar innan skógræktarsvæðis



Foss í Hrútafirði

Yfirlitsteikning af minjum í heimatúni

Teikn: GZ

